



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Sambands Íslenskra
sveitarfélaga

Dags.: 13. febrúar 2024

Sendandi: Hugrún Geirsdóttir

Málsnr.: 2210013SA
Málalýkill: 00.15

Efni: Áhersluverkefni í úrgangsmálum 2024

Kynning á máli

Tilfni minnisblaðs þessa er að kynna stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga niðurstöðu vinnu verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum sem fór fram á vinnustofu 15. des. sl. Markmið vinnustofunnar var að draga fram álit verkefnisstjórnar á forgangsriðun verkefna sambandsins í úrgangsmálum árið 2024.

Í upphafi vinnustofu fóru sérfræðingar sambandsins yfir þau verkefni sem unnið var að á árinu 2023. Tvær spurningar voru lagðar fram fyrir stjórn til að ná fram skoðunum þeirra á áhersluverkefnum fyrir árið 2024.

Í fyrsta lagi var spurt:

Hvaða verkefni telur þú að sambandið, með aðstoð verkefnisstjórnar, ætti að vinna að í málaflokknum á árinu 2024?

Og í öðru lagi var spurt:

Hvar liggja hagsmunir sveitarfélaga í úrgangsstjórnun á næstu árum og hvernig getur verkefnisstjórnin og sambandið beitt sér í meira mæli?

Stjórnarmenn fengu ákveðinn umhugsunartíma til að skrifa niður 10 atriði sem þeim kom til hugar og kynnti hver og einn 5 atriði sem þeim þótti mikilvægust.

Samantekt vinnustofu

Að mati verkefnisstjórnar ættu áhersluverkefni sambandsins í úrgangsmálum að vera áfram málefni Úrvinnslusjóðs, upplýsinga- og leiðbeiningagjöf til sveitarfélaga, skerpa á hlutverki og ábyrgð sveitarfélaga í úrgangsmálum með tilliti til laga og reglna og svo verkefni er varða kostnað og tekjur í málaflokknum (sjá Tafla 1 á bls. 3).

Að mati verkefnisstjórnar ætti sambandið að leiða umræðuna um framtíð framleiðendaábyrgðarkerfisins hér á landi og beita sér fyrir úrbótum á sjóðnum er tengjast m.a. gegnsæi og að hlutverk hans samræmist stefnu stjórnvalda við innleiðingu hringrásarhagkerfis. Áframhaldandi hagsmunagæsla gagnvart sjóðnum og greiðslum hans til sveitarfélaga var talið, af hálfu stjórnarmanna, mikilvægt að hafa áfram í forgrunni í vinnu verkefnisstjórnar og sambandsins á árinu 2024.

Allir fulltrúar stjórnar nefndu upplýsinga- og leiðbeiningagjöf til sveitarfélaga sem eitt af þeim málefnum sem ætti að vera í forgangi í vinnu sambandsins. Almenn ánægja er með störf sambandsins í þessum málum og þeim stuðningi sem í þeirri vinnu er fólgin til sveitarfélaganna, m.a. hvað varðar leiðbeiningar í tengslum við framkvæmd nýrra lagakrafna. Umræða var um að vinna þarf á upplýsingaóreiðu sem er í málaflokknum og að sambandið ætti að leiða upplýsingagjöf um bestu mögulegu tækni (e. Best Available Techniques (BAT)). Framkvæmd kannana og ákveðið eftirlit með árangri sveitarfélaga bar einnig á góma og talið mikilvægt að reglulega væri gefið yfirlit yfir stöðuna í málaflokknum. Í samhengi við umræðu um hagsmunagæslu og leiðbeiningagjöf kom upp sú hugmynd að stofna samtök að fyrirmynd frá Norðurlöndunum sem ynni m.a. heildstætt að hagsmunum sveitarfélaga í úrgangsmálum og við innleiðingu hringrásarhagkerfis, sæi um miðlun þekkingar og þróun nýsköpunarverkefna í málaflokknum.

Rætt var um áhrif hagsmunagæslunnar í gegnum árin, hvort hún hafi borið árangur og hvort hún hafi raunveruleg áhrif. Samvinna hefur oft og tíðum verið erfið á milli aðila og erfitt að koma henni á. Nefnt var innan hópsins að margt gott hafi verið gert, m.a. í miðlun upplýsinga. Fjarfundir á Teams hafi verið bylting á meðan samkomutakmarkanir COVID voru í gildi og jákvætt sé að það fyrirkomulag sé komið til að vera. Fundarraðir, annars vegar undir formerkjum verkefnisins *Samtaka um hringrásarhagkerfi* og hins vegar undir verkefninu *Skör ofar*, hafa verið gagnlegar. Árangursríkara sé að halda fleiri en styttri fundi til að miðla upplýsingum.

Önnur málefni sem komust á blað voru kostnaðarmatsverkefni sambandsins um þróun kostnaðs og tekna hjá sveitarfélögum, framhald á Borgað þegar hent er hraðli sem sambandið hefur haft umsjón með síðan 2022, koma skikk á úrgangstölfræðina og mikilvægi tengsla og samvinnu sem myndi styrkja verkefni sambandsins í málaflokknum.

Niðurlag

Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum óskar eftir stuðningi stjórnar sambandsins til að vinna að þeim áhersluverkefnum sem kynnt voru hér að framan á árinu 2024. Verkefnin falla að stefnumörkun sambandsins 2022-2026 í úrgangsmálum og vonast til að þau samræmist einnig framtíðarsýn stjórnar um eflingu úrgangsstjórnunar sveitarfélaga.

Málefni	Hvað var nefnt?	Fjöldi sem nefnir
Úrvinnslusjóður	• Stefna og sýn um framleiðendaábyrgðarkerfið, sambandið leiði umræðuna. • Auka gegnsæi, rekjanleika, yfirsýn • Hagsmunagæsla	5
Upplýsinga- og leiðbeiningagjöf	• Leiðbeiningagjöf í tengslum við nýja löggjöf • Handbókin • Leiða upplýsingagjöf um bestu mögulegu tækni • Fréttabréf • Stuðningur í gegnum verkefni • Vinna á upplýsingaóreiðu • Gagnaöflun - eftirlit með því hvernig sveitarfélög eru að standa sig • Styðja við að sveitarfélög geti fundið hentugar lausnir við meðhöndlun lífúrgangs um allt land	5
Stofna „Avfall Ísland“	• Stofna samtök að fyrirmynd sambærilegra samtaka á Norðurlöndunum er vinna heildstætt að málefnum sveitarfélaga í úrgangsmálum, s.s. Avfall Svergie, Cirkulær Denmark, Kivo í Finnlandi	5
Hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga í úrgangsmálum	• Skýra betur út með tilliti til laga og reglna • Stefnumótun í þessum málum, jafnvel með ráðgjafa • Hagsmunagæsla gagnvart lögum og reglum en líka öðrum aðilum á markaði • Skýra betur út hlutverk og tilgang verkefnisstjórnar • Fá afgerandi niðurstöðu um hlutverk og ábyrgð sveitarfélaga er varðar þjónustu við lögaðila og söfnun heimilisúrgangs	3
Borgað þegar hent er	• Framhald – frekari útfærslur og stuðningur • Stafræn þjónustugátt	3
Kostnaður sveitarfélaga í úrg málum	• Útvíkka kostnaðargreininguna • Stöðlun á bókfærslu sveitarfélaga	3
Tölfræðin	• Fylgja málum áfram eftir • Rétt upprunaskráning og innvigtun • Leggja fram tillögu að verklagi • Vinna SORPU með Valcon	2
Tengingar og samvinna	• Funda með sviðsstjóra loftslags og hringrásarhagskerfis Umhverfisstofnunar	1

Tafla 1- Samantekt á niðurstöðum vinnustofu. Málefni sem eiga að vera í forgangi hjá sambandinu í úrgangsmálum sveitarfélaga að mati verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

HG